

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/214/EB frá 3. mars 2004 um breytingu á ákvörðun 2000/40/EB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir kæliskápa ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 2el (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/40/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 D 0214:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/214/EB frá 3. mars 2004 (Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/214/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann